

## Forval VG á Akureyri

Sveitarstjórnarkosningar vorið 2010

### Lykildagsetningar

Dagsetning	Hvað skal gert
10. desember 2009	Félagafundur þar sem forvalsreglur eru bornar upp
15. desember 2009	Formleg skipun í kjörstjórn með bréfi
Milli jóla og nýárs	Auglýsing í Dagskrá
Vika 1 2010	Auglýsing í Vikudag og Dagskrá
Vika 1 2010	Auglýsing á heimasíðu
9. janúar 2010	Frestur til að stinga uppá öðrum við kjörstjórn
16. janúar 2010	Framboðsfrestur vegna forvals
23. janúar 2010	Kynningarbæklingur
30. janúar 2010	Kynningarfundur frambjóðenda
6. febrúar 2010	Forval
18. febrúar 2010	Framboðslisti kynntur

#### *Hlutverk kjördæmisráðs/svæðisfélags - í samráði við kjörstjórn:*

- Boða til félagsfundar og leggja forvalsreglur með tímasetningum fyrir fundinn
- Sjá um kynningarfundir fyrir frambjóðendum
- Sjá um framkvæmd forvalsins
- Útbúa kjörseðil með leiðbeiningum á íslensku og ensku (eða því tungumáli sem er næstalgengast á svæðinu)
- Skipa ritstjórn/ritstjóra yfir forvalsbæklingi
- Taka ákvarðanir um auglýsingar um forvalið

1. Skipuð skal kjörstjórn til að annast framkvæmd forvalsins. Félagafundur kjördæmisráðsins/svæðisfélagsins skipar 5 manna kjörstjórn. Kjörstjórn setur sér fastar starfsreglur og skal komast að sameiginlegri niðurstöðu í öllum málum.
  - a. Skipuð 15. Desember, tillaga:
    - i. Jón Erlendsson (formaður)
    - ii. Jónína Hjaltadóttir
    - iii. Þorsteinn
    - iv. Sóley
    - v. Anna Helgadóttir
2. Stjórn kjördæmisráðsins/svæðisfélagsins skal ásamt kjörstjórn ákveða hvenær forvalið fer fram.
  - a. Á 11 ára afmæli flokksins, laugardaginn 6. febrúar 2010 milli 10 og 18

3. Forvalið skal auglýst á heimasíðu flokksins og í öðrum fjölmiðlum. Taka skal fram í auglýsingu: Reglur um utankjörfund, hvernig hægt sé að ganga í félagið og ósk til félagsmanna að tilkynna um breytt heimilisfang.
  - a. Auglýsing sett í Dagskrá milli jóla og nýárs (1/2) og aftur í viku 1 (1/4)
  - b. Auglýsing í Vikudag, viku 1
  - c. Auglýsing á heimasíðu, viku 1
  
4. Framboðsfrestur er **þrjár vikur** fyrir forval [6. febrúar]. Þeir sem gefa kost á sér skulu tilkynna það skriflega til formanns kjörstjórnar (Jóns Erlendssonar, [jer@akureyri.is](mailto:jer@akureyri.is), GSM: 868-8451). Þeir sem vilja stinga upp á frambjóðanda geri það einnig skriflega til formanns kjörstjórnar (Jóns Erlendssonar, [jer@akureyri.is](mailto:jer@akureyri.is), GSM: 868-8451) **fjórum vikum** fyrir forval [6. febrúar] og mun kjörstjórn þá leita eftir samþykki þeirra sem bent hefur verið á.
  - a. Kjörgengir eru allir félagar í svæðisfélagi VG á Akureyri og nágrenni, með lögheimili í sveitarfélaginu Akureyri og eru 18 ára eða eldri.
  - b. Frestur til 16. janúar fyrir þá sem stinga upp á sér sjálfir
  - c. Frestur til 9. janúar fyrir þá sem stinga uppá öðrum
  
5. Kosningarétt í forvalinu hafa allir félagsmenn sem hafa kosningarétt til sveitastjórna í sveitarfélaginu Akureyri og skráðir eru í Vinstrihreyfinguna – grænt framboð 10 dögum fyrir forval. Auk þess hafa ungliðar VG, 16 ára og eldri, með lögheimili í sveitarfélaginu Akureyri kosningarétt í forvali þó þeir hafi ekki náð kosningaldri. Félagsmenn geta fengið kjörseðil sendan í tölvupósti ef þeir óska þess. Litið er á slík atkvæði sem utankjörfundaratkvæði. Þeir sem kjósa þannig bera ábyrgð á að koma utankjörfundaratkvæðaseðlinum í löturpósti til kjörstjórnar áður en talning atkvæða fer fram. Um slíka póstkosningu skal fara samkvæmt reglum sem kjörstjórn setur.
  - a. Bréf er sent til félagsmanna milli jóla og nýárs sem skýrir frá forvali og lykildagsetningum
  - b. Kosningarétt hafa skráðir félagar (síðasta lagi 10 dögum fyrir forval), sem eru með lögheimili í sveitarfélaginu Akureyri og eru 16 ára eða eldri.
  
6. Á hverjum kjörstað skal heimilt að kjósa utan kjörfundar samkvæmt ákvæðum kjörstjórnar. Reglur vegna póstkosningar:
  1. Félagsmenn geta óskað eftir að fá kjörseðil sendan heim. Ósk um að fá kjörseðil sendan skal berast formanni Kjörstjórnar. Einnig er hægt að nálgast kjörseðil á utankjörfundi sem haldin verður dagana 2. og 3. febrúar milli 16.30 og 18.30 á skrifstofu flokksins Brekkugötu 7a, þar verða alltaf tveir fulltrúar úr kjörstjórn.
  2. Þegar kjörseðill berst skal viðtakandi ganga frá kosningu sinni í samræmi við forvalsreglur.

3. Kjörseðillinn skal lagður í ómerkt umslag sem síðan er **sett í annað umslag** merkt á eftirfarandi hátt:

Vinstrihreyfingin – grænt framboð  
b.t. kjörstjórnar  
Pósthólf 195  
602 Akureyri

Kjósandi skal jafnframt skrifa nafn sitt og kennitölu yfir flipa **ytra** umslagsins.

4. Atkvæðið skal sent kjörstjórn merkt eins og að framan greinir og skal hafa borist kjörstjórn fyrir lokun kjörfundar forvals, eða pósthúsið síðasta virka degi fyrir forvalsdag.
  - a. Farið er á pósthúsið föstudaginn 5. febrúar
  - b. Farið er á pósthúsið þriðjudaginn 9. febrúar

7. **Kynning á frambjóðendum skal vera á vegum svæðisfélagsins.** Viðkomandi svæðisfélag skal halda opinn fund þar sem frambjóðendur fá kost á að kynna sig. Gerður skal bæklingur með nöfnum frambjóðenda, upplýsingum um þá og sýnishorn af kjörseðli með leiðbeiningum um hvernig kjósa skuli. Hver frambjóðandi ber ábyrgð á kynningarefni um sjálfan sig í samræmi við reglur sem kjörstjórn setur um fjölda og gerð mynda, lengd texta, leturstærð, leturgerð, skilafrest o.þ.h. Félagið skipar ritstjóra sem sér um framkvæmdina. Bæklingurinn verður gefinn út á heimasíðu og sendur til allra félaga í svæðisfélaginu.
  - a. Ritstjóri Drengur Óla
  - b. Bæklingur frágenginn 23. janúar
  - c. Kynningarfundur frambjóðenda, laugardaginn 30. janúar kl. 14.00

8. **Kynning á frambjóðendum skal vera á vegum svæðisfélagsins.** Framboðið skal ekki hafa kostnað í för með sér, svo sem af sendingu dreifibréfa eða gefa út prentað efni eða auglýsingar. Frambjóðendum er leyfilegt að kynna sig sjálfir með skrifum á vefsíður eða í aðra miðla, hafi það engin fjárútlát í för með sér önnur en þau sem samsvara kostnaði við að halda heimasíðu. Frambjóðendum er sömuleiðis heimilt að koma fram á öðrum auglýstum fundum en þeim sem auglýstir eru sem sameiginlegir fyrir alla frambjóðendur.

9. Formaður kjörstjórnar hefur umsjón með kjörskrá og ber á henni ábyrgð. Hún mun vera á skrifstofu svæðisfélagsins svo að frambjóðendur geti fengið að sjá hana. Frambjóðandi skal fara með kjörskrána sem trúnaðarmál. Óheimilt er að fjölfalda eða ljósrita kjörskrána.

Í kjörskránni skal koma fram nafn félaga, heimili, aldur, sími og netfang.

10. Þegar kjósandi mætir á kjörstað fær hann seðil með nöfnum frambjóðenda í stafrófsröð. Seðillinn skal settur upp í einum dálki og skulu leiðbeiningar fylgja.
  - a. Kjörstjórn ákvarðar leiðbeiningar og fyrirkomulag
11. Stjórn félagsins skipar umboðsmann á kjörstað til að fylgjast með framkvæmd kosninga og aðstoða kjósendur sem þess óska.
  - a. Kjörstaður er skrifstofa félagsins Brekkugötu 7a
  - b. Umboðsmaður skipaður á fundi 10. Desember
    - i. Tillaga: Páll Hlöðversson
12. Í anda kvenfrelsisstefnu VG gildir eftirfarandi regla:
  - a. Framboðslistinn verður paraður fléttulisti sem kjörstjórn útfærir.
13. Frambjóðandi getur kært framkvæmd kosningarinnar til kjörstjórnar í tvo sólarhringa eftir að úrslit forvals liggur fyrir. Óski frambjóðandi eftir endurtalningu þegar munar innan við 2% atkvæða á milli sæta, þá ber kjörstjórn skylda til að láta telja aftur. Ef atkvæðamunurinn er meiri verður frambjóðandinn að færa fyrir því sannfærandi rök að telja skuli aftur, og skal stjórn svæðisfélagsins í samráði við umboðsmann taka kröfuna til meðferðar og úrskurða í málinu eigi síðar en tveimur sólarhringum eftir að kæra berst.
14. Kjörstjórn stillir upp framboðslista eftir niðurstöðu forvals. Efstu sex sætin eru bundin en þar fyrir neðan getur kjörstjórn gengið frá lista þar sem tekið skal tillit til kyns, búsetu, aldurs, menntunar og starfs við uppröðun á lista.
15. Kjörstjórn leggur tillögu sína að framboðslista í heild fyrir félagsfund til samþykkis. Ef lista er hafnað fer hann aftur til kjörstjórnar sem skal taka tillit til sjónarmiða fundarins við næstu röðun.
  - a. Haldin fimmtudaginn 18. febrúar 2010, kl. 20.00